18. **Eiríkur Þorsteinsson á Kaldbak**

Um skáldskap hans og fleira.

4 blöð qto. Reykjavík, 22. september 1936.

# Eiríkur Þorsteinsson í Kaldbak.

f. 18. okt. 1845. Foreldrar: Þorst. Felixson og Helga Jónsd. Haugi í Gaulverjabæjarhr.

Maður er nefndur Eiríkur Þorsteinsson, sem fluttist unglingur sunnan í Flóa upp í Hrunamannahrepp og var hann þar lengi í vinnumensku. Á Kaldbak var hann á árunum frá 1880–1890, vinnumaður hjá Brynjólfi (Guðnasyni) bónda þar og reri hann á þeim árum á Stokkseyri, m. a. hjá Bjarna sál. Pálssyni í Götu. – Um eitt skeið bjó hann í Hrunakróki, afskektu bl. í Hrunamannahreppi austanverðum, með Þóreyju Eyjólfsdóttur og áttu þau eina dóttur, Ólöfu að nafni. Hrunakrókur er nú í eyði. Síðar bjuggu þau í Hlíð í sama hreppi og voru þau jafnan fátæk mjög.

Eiríkur var vel verki farinn og smiður góður, framúrskarandi trúr og skyldurækinn, glaður í lund og frár á fæti, en fremur lítilvirkur og einfaldur og trúgjarn. Nokkuð var Eiríkur drjúgur í tali og jafnvel sjálfhælinn. Meðal annars hugði Eiríkur sig vera skáld allmikið og var sífelt að yrkja, en enginn vissi þó til, að hann gæti hnoðað saman stórlýtalausri bögu.

Þessa vísu orkti hann um sjálfan sig:

„Fátt er það sem ég hefi lært að gera:
Mala, smala, sækja vatn;
helst er það í vana lagt".

Um Benedikt nokkurn Bjarnason gerði Eiríkur þessa vísu:

„Benedikt er Bjarnabur,
býsna digur kallinn,
lætur slíta hattinn hér,
og yglir sig eins og skrattinn".

Einhverju sinni bar svo við, er Eiríkur var að koma úr Reykjavíkurferð, að hann var, að vanda, með mörgum mönnum öðrum og voru þeir ölvaðir

manni á Hellisheiði. Bað hann þá að gefa sér í staupinu, en þeim sýndist ekki ráðlegt að verða við bón hans og héldu áfram leiðar sinnar austur yfir fjallið. Þegar þeir komu að Kolviðarhóli lét Eiríkur samferðamenn sína heyra vísu, sem hann kvaðst hafa ortt, þegar þeir mættu manninum á Hellisheiði, og er vísan svona:

„Brennivínsþurfi ei þó ert,
þú, stikvélakrotti,
fara mátt(u) fj.... til
í þínum grá sloppi."

———— .. ——

Eiríkur hafði mesta yndi af fjallgöngum. Var hann jafnan foringi í eftirleitum hin síðari ár, en náði þó aldrei hinu eftirsókta takmarki sínu, að verða fjallkóngur. Í fjallferðum var og er oft „glatt á hjalla" þá er komið er á tjaldstaði og dvalið þar; gafst Eiríki því oft færi á að sýna skáldskaparlist sína í þeim ferðum. Sunnlendingar og Norðlendingar eru ávalt samnátta í Gránunesi eina nótt. Einhverju sinni kvað Eiríkur við það tækifæri vísu þessa:

„Kátir viður ketilinn,
Sunnlendingar sitja.
Inni' í tjöldum Norðlingar,
yfir borðum sitja."

Einu sinni, þá er Eiríkur var að skipa í leitir í eftirsafni, kvað hann þessa vísu til Eiríks Helgasonar, er var á Kópsvatni og fara átti í Sandártungu:

Eiríkur frá Kópsvatni
kallaður þrátt í þarfir
á að smala Tunguna

þótt sólin sé í hvarfi."

Ödru sinni, er Eiríkur leit til sudurs í Fjallferd og var staddur í Sandárhlíd, var fjöls med frosti og kvad hann:

"Nú er frost á Fróni.
Fýkur snjór í Hlíd.
Setur Botninn í."

Í Búrfelli í Ytrahreppsafrétti var bergstallur eda gjögur, sem fé hljóp nidur í þegar nýbit var og komst þad ekki upp aftur. Því var hladinn gardur fyrir gjögrid á bergsbrúninni, svo ad fénadur færi sér ekki ad voda, enda svalt hann, ef nidur fór. Til þess ad hlada gardinn og halda honum vid, voru fengnir ákvednir menn árlega og var Eiríkur einn medal þeirra. Snemma sumars kom Eiríkur ad gjögrinu og sá þar nokkrar kindur í svelti, þótt tveir menn hefdu ádur komid þar ad og verid nýlega búnir ad hlada upp gardinn. Kvad þá Eiríkur:

Búrfellsgjögrid bragnar tveir,
bádir gjördu hlada þeir,
háan og breidan hrings um leir,
svo hvergi bili lífs um skeid.

Á Ytrahreppsafrétti eru margir kofar, svonefnd Sæluhús, til afnota fyrir fjall-leitamenn. Jón Sigmundarson, er lengi var í Skipholti, velhagmæltur og fyndinn, var einhverju sinni verkstjóri vid kofabygginguna í Ásskardi og í fjallleitunum um leid. Hann vissi, ad Eiríkur Þorsteinsson yrdi eftirleitarforingi eins og venja var til, og kvad því vísu þessa og skrifadi í hurd kofans, ádur en hann yfirgaf stadinn:

Fagurt hús, er firdar reysa gjördu,
fullan helming grafid var í jördu.

Tímann þetta: Ásskarðs-nefnist skýli,
Eiríkur sín lúin bein þar hvíli!"

En sá, sem fyrstur kom í kofann, hjet Eiríkur Ólafsson og kvað E. Þ.:

"Hann Eiríkur Ólafsson
lúin bein sín hvíldi
Tímann- skýli Ásskarðs í
Otla ég Jóni feili í því."

Haft var eftir Eiríki Þorsteinssyni þetta:

"Það hugsa líklega ekki allir sem sjá mig að ég sé skáld, en
– „þú veizt ei hverm þú hittir þar"."

Þessi þvættingur – svo má það heita – er eftir handriti Árna sál. Árnasonar bónda að Oddgeirshólum, dáinn vorið 1936, og þótti mér rétt, að láta það fylgjast með öðru því, er mér hafði borist frá honum. Hafði Árni sál. lofað mér því fyrir nokkrum árum, að skrifa upp og senda mér ýmislegt það er hann kynni frá að segja frá æskudögum sínum, en annað en þetta fanst eigi eftir hann og lét ekkja hans mér það góðfúslega í té, ef ég vildi nota eitthvað af því. Árni í Oddgeirshólum var greindur vel og hafði gaman af kýmnisögum og fróðleik.

Reykjavík, 22. Sept. 1936.

[illegible signature]